

## Lágmarkssmitvarnir

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar 933/2017 um aðgerðir til varnar útbreiðslu plöntusjúkdóma þurfa ræktendur garðyrkjuafurða að taka upp lágmarks smitvarnir til varnar frekari útbreiðslu. Rétt er að ítreka að smitvarnir eru skilvirkasta leiðin til þess að verjast plöntusjúkdómum, hefta útbreiðslu þeirra og verja sjúkdómsstöðu Íslands.

Hér verður farið yfir lágmarks smitvarnir sem koma þarf upp samkvæmt reglugerð 933/2017. Ljóst er að mikil breytileiki getur verið á aðbúnaði ræktenda og því getur farið svo að ekki sé mögulegt að framkvæma alla þætti sem hér eru nefndir. Telji ræktandi sér ekki fært að framkvæma einstaka þætti sökum húsnæðis skal hann miða að því að aðlaga þá sem best að sinni aðstöðu.

### Smitvarnir við inn- og útganga

**Fyrsta skrefið er að varna samgang milli garðyrkjustöðva, takmarka umgengni óviðkomandi og gæta þess að smitefni berist ekki inn og út af ræktunarstöðum. Notast við vinnuföt / hlífðarföt til að takmarka hættu á að bera smitefni í ræktun.**

- Smitvarnarmottur (1% Virkon S) við inn- og útganga og milli rýma, grófar mottur fyrir framan
- Aðstaða fyrir handþvott eða einnota hanskar
- Lokaðar hirslur fyrir sorp og einnota búnað

### Svæðaskipting húsnæðis

**Til þess að takmarka hættu á að smitefni berist í rækt er mikilvægt að aðskilja alla hluta rekstrar þar sem utanaðkomandi hlutir koma inn án þrifa. Skipta skal húsnæði (eins og kostur er) upp í svæði, með veggjum ef hægt er ella með línum og plasti. Notaðu þarf vinnufatnað eða einnota hlífðarfatnað sem ekki fer af svæði (þrifa á svæði). Takmarka fjölnota kassa og annað ótengt ræktun í ræktunarrými.**

- Aðskilja flokkun / pökkun / vörumeðhöndlun frá ræktun
- Aðskilja unglöntur frá almennu ræktunarrými
- Aðstaða til að skipta um fatnað og þrifa vinnufatnað eða einnota vinnusloppar

### Verklag

**Mikilvægt að þrifa áhöld oft, alltaf á milli raða, og gæta að því að ræktunarefni (t.d. afskurðir) safnist ekki fyrir á gólfi. Mikilvægt að kynna öllum starfsmönnum og öðrum sem eiga brýnt erindi á ræktunarstað smitgát og starfsreglur.**

- Þrifa áhöld ört og alltaf á milli raða.
- Nota hreinsiefni og mjólkurlausn þess á milli
- Skriflegar verklýsingar
- Reglubundin þrif á húsnæði til að forðast uppsöfnun ræktunarefnis